

Hafnarfjarðarbær
Innk: 15/12 2015
Málsnr: 15/12-210
Bréfat: 560



Hafnarfjarðarbær
Bæjarstjórn Hafnarfjarðar
Pósthólf 100
222 Hafnarfjörður

Reykjavík 14. desember 2015
Tilvísun: 201512-0122

Efni: Gildistími brunavarnaáætlunar sveitarfélagsins er útrunninn

Mannvirkjastofnun vill vekja athygli yðar á því að brunavarnaáætlun sveitarfélagsins er fallin úr gildi. Í 13. gr. laga nr. 75/2000 segir:

„Á hverju starfssvæði slökkviliðs skal liggja fyrir brunavarnaáætlun sem fengið hefur samþykki Mannvirkjastofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar. Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki. Markmið brunavarnaáætlunar er að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.“

Á heimasíðu Mannvirkjastofnunar eru leiðbeiningar um efni og gerð brunavarnaáætlunar. Mannvirkjastofnun gerir kröfu um að brunavarnaáætlun verði endurskoðuð og send stofnuninni innan 3 mánaða frá dagsetningu þessa bréfs.

Virðingarfyllt
f.h. Mannvirkjastofnunar

Pétur Valdimarsson

Afrit sent til,
Slökkviliðsstjóra